# Sunnudagur 19. nóvember



## SJÓNVARPIÐ

13.00 **Fræðsluvarp, endurflutningur.** 1. Þýskukennsla (15 mín.). 2. Þitt er valið (20 mín.). 3. Íslenska, 3. þáttur (11 mín.). 4. Algebra 8. og 2. þáttur (26 mín.).

15.35 **Gíslar um aldur og ævi.** (We Can Keep You Forever). Bresk heimildamynd er fjallar um þá bandarísku hermenn sem hurfu í Víetnamstríðinu. Talið er að allt að 500 hermenn hafi komist lífs af og séu þeir enn í haldi í Víetnam og Laos. Bandarísk stjórnvöld telja sig hafa endurheimt alla fanga en ástvinir hinna týndu hermanna hafa ekki gefið upp alla von. Þýðandi Ingi Karl Jóhannesson.

16.50 **Roberta Flack skemmtir með söng.** Tónlistarþáttur með hinni vinsælu söngkonu.

17.40 **Sunnudagshugvekja.** Séra Solveig Lára Guðmundsdóttir flytur.

17.50 **Stundin okkar.** Umsjón Helga Steffensen.

18.25 **Ævintýraeyjan** (Blizzard Island). Nýr, kanadískur framhaldsmyndaflokkur í 12 þáttum. Tíu ára gömul stúlka finnur töfrafesti sem gerir henni kleift að komast til Ævintýraeyjunnar ásamt bróður sínum en þar eru fyrir ýmsar furðuverur. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.

18.50 **Táknmálsfréttir.**

18.55 **Brauðstrit** (Bread). Breskur gamanmyndaflokkur um fjölskyldu í Liverpool sem lifir góðu lífi þrátt fyrir atvinnuleysi og þrengingar. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.

19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.

20.30 **Blaðadrottningin.** (I'll Take Manhattan). Fyrsti þáttur. Nýr, bandarískur myndaflokkur í átta þáttum. Flokkurinn er gerður eftir samnefndri skáldsögu eftir Judith Krantz. Aðalhlutverk: Valerie Bertinelli, Barry Bostwick, Perry King og Francesca Annis. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir. Framhald.

21.25 **Listaskáldin vondu.** Árið 1976 tóku nokkur ung skáld sig til og leigðu Háskólabíó til þess að lesa upp úr verkum sínum. Þessi djarfa tilraun tókst vonum framar og húsfyllir varð. Í þættinum er rætt við þessi skáld, sem nú eru meðal kunnustu listamanna þjóðarinnar, og þau lesa úr verkum sínum.

22.20 **Sagan** (La Storia). Nýr, ítalskur myndaflokkur sem hlotið hefur fjölda viðurkenninga. Höfundur er Luigi Comencini. Gert eftir skáldverki Elsu Morante. Í myndaflokknum er á magnþrunginn hátt fjallað um gyðingakonuna Idu, syni hennar tvo og örlagasögu fjölskyldunnar á Ítalíu í umróti síðari heimsstyrjaldarinnar. Aðalhlutverk: Claudia Cardinale, Francisco Rabal, Andrea Spada og Antonio Degli Schiavi. Þýðandi Þuríður Magnúsdóttir.

23.45 **Úr ljóðabókinni.** Tvö ljóð um skáldskapinn eftir Boris Pasternak í þýðingu Árna Bergmann og Geirs Kristjánssonar. Lesari: Kristján Franklín Magnús. Formála flytur Árni Bergmann.

23.55 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

9.00 **Gúmmíbirnir.** Teiknimynd.

9.25 **Furðubúarnir.** Teiknimynd.

9.50 **Selurinn Snorri.** Teiknimynd með íslensku tali um ævintýri selsins Snorra og vina hans.

10.05 **Litli folinn og félagar.** Teiknimynd með íslensku tali.

10.25 **Draugabanar.** Teiknimynd.

10.50 **Feldur.** Teiknimynd með íslensku tali um heimilislausa hunda og ketti.

11.10 **Kóngulóarmaðurinn.** Teiknimynd.

11.35 **Sparta sport.** Íþróttaþáttur fyrir börn.

12.05 **Grafísk fantasía.** Fantastico. Hans Donner er einn frægasti hönnuður sjónvarpsefnis fyrr og síðar. Í þættinum fáum við að kynnast störfum hans.

12.55 **Heimshornarokk.** Big World Café. Tónlistarþáttur.

13.50 **Fílar og tígrisdýr.** Elephants and Tigers. Dýralífsþættir. Annar hluti af þremur og fjallar hann að þessu sinni um mannætutígrisdýr.

14.45 **Frakkland nútímans.** Aujourd'hui en France. Fróðlegir og áhugaverðir þættir um Frakkland í dag.

15.20 **Ópera mánaðarins. Carmen.** Óperan Carmen eftir Bizet er án efa ein af þekktustu óperum heimsins í dag. Að þessu sinni er hún kvikmynduð í sínu rétta umhvefi. Óperan er tekin bæði úti sem inni og er skipuð úrvals söngvurum og má þar nefna Placido Domingo. Flytjendur: Julia Migenes-Johnson, Placido Domingo, Ruggero Raimondi, Faith Esham ásamt frönsku sinfóníuhljómsveitinni.

18.00 **Golf.** Sýnt er frá alþjóðlegum stórmótum. Umsjón: Björgúlfur Lúðvíksson.

19.19 **19:19.** Fréttir, íþróttir, veður og umfjöllun um málefni líðandi stundar.

20.00 **Landsleikur.** Bæirnir Eskifjörður og Seyðisfjörður bítast. Umsjón: Ómar Ragnarsson.

21.05 **Hercule Poirot.** Lokaþáttur. Aðalhlutverk: David Suchet og Hugh Fraser.

21.55 **Lagakrókar.** L.A. Law. Framhaldsmyndaflokkur um líf og störf nokkurra lögfræðinga.

22.45 **Michael Aspel II.** Michael Aspel fær til sín þekkta gesti sem að þessu sinni verða The Monkeys, Ruby Wax og Dj Travanti.

23.25 **Syndin og sakleysið.** Shattered Innocence. Myndin er lauslega byggð á ævisögu klámdrottningarinnar Shaunu Grant. Aðalhlutverk: Melinda Dillon, Jonna Lee, John Pleshette, Dennis Howard og Nadine van der Velde. Stranglega bönnuð börnum.

0.55 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

8.00 **Fréttir.**

8.07 **Morgunandakt.** Séra Baldur Vilhelmsson, prófastur í Vatnsfirði við Djúp, flytur ritningarorð og bæn.

8.15 **Veðurfregnir.** Dagskrá.

8.30 **Á sunnudagsmorgni** með Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur mannfræðingi. Bernharður Guðmundsson ræðir við hana um guðspjall dagsins, Matteus 25, 31–46.

9.00 **Fréttir.**

9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni.**

10.00 **Fréttir.**

10.03 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá sunnudagsins í Útvarpinu.

10.10 **Veðurfregnir.**

10.25 **Í fjarlægð.** Jónas Jónasson hittir að máli Íslendinga sem hafa búið lengi á Norðurlöndum, að þessu sinni Þórgunni Snædal í Stokkhólmi. (Einnig útvarpað á þriðjudag kl. 15.03.)

11.00 **Messa í Skútustaðakirkju.** Prestur: Sr. Örn Friðriksson.

12.10 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá sunnudagsins í Útvarpinu.

12.20 **Hádegisfréttir.**

12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.

13.00 **Hádegisstund í Útvarpshúsinu.** Ævar Kjartansson tekur á móti sunnudagsgestum.

14.00 **Af því kynlega fólki Keltum.** Þáttur í umsjá Ragnheiðar Gyðu Jónsdóttur.

14.50 **Með sunnudagskaffinu.** Sinfóníuhljómsveit Íslands, Fjórtán fóstbræður og hljómsveit Svavars Gests leika og syngja.

15.10 **Í góðu tómi.** með Hönnu G. Sigurðardóttur.

16.00 **Fréttir.**

16.05 **Á dagskrá.**

16.15 **Veðurfregnir.**

16.20 **Goð,** garpar og valkyrjur. Þáttaröð úr Völsungasögu í útvarpsgerð Vernharðs Linnets. Fyrsti þáttur: Sköpun heimsins og upphaf Völsungaættar. Sögumaður: Vernharður Linnet. Leikendur: Þórdís Arnljótsdóttir, Þröstur Leó Gunnarsson, Egill Ólafsson, Jón Júlíusson, Sigurður Skúlason, Aðalsteinn Bergdal,. Erla Rut Harðardóttir, Helga Þ. Stephensen, Hreinn Valdimarsson, Kristín Helgadóttir, Leifur Hauksson, Markús Þór Andrésson, Þórir Steingrímsson og Atli Rafn Sigurðsson. (Einnig útvarpað í Útvarpi unga fólksins næsta fimmtudag.)

17.00 **Kontrapunktur.** Tónlistargetraun. Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir. Dómari: Þorkell Sigurbjörnsson. Til aðstoðar: Guðmundur Emilsson.

18.00 **Rimsírams.** Guðmundur Andri Thorsson rabbar við hlustendur. (Einnig útvarpað daginn eftir kl. 15.03.)

18.30 **Tónlist.** Tilkynningar.

18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.

19.00 **Kvöldfréttir.**

19.30 **Tilkynningar.**

19.31 **Ábætir.** Rögnvaldur Sigurjónsson leikur á píanó tónlist eftir Frederic Chopin og Robert Schumann.

20.00 **Á þeysireið um Bandaríkin.** Umsjón: Bryndís Víglundsdóttir.

20.15 **Íslensk tónlist.**

21.00 **Húsin í fjörunni.** Umsjón: Hilda Torfadóttir. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá liðnu sumri.)

21.30 **Útvarpssagan:** Gargantúa eftir Francois Rabelais. Erlingur E. Halldórsson þýddi. Baldvin Halldórsson les (2.)

22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.

22.15 **Veðurfregnir.**

22.30 **Íslenskir einsöngvarar og kórar syngja.** Guðrún Á. Símonar, Magnús Jónsson og Þjóðleikhúskórinn syngja íslensk lög.

23.00 **Frjálsar hendur.** Illugi Jökulsson sér um þáttinn.

24.00 **Fréttir.**

0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Endurtekinn Samhljómsþáttur frá föstudagsmorgni.)

01.00 **Veðurfregnir.**

01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## RÁS 2 FM 90,1

9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests.**

11.00 **Úrval.** Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á Rás 2.

12.20 **Hádegisfréttir.**

12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.

13.00 **Smoky Robinson og tónlist hans.** Skúli Helgason rekur tónlistarferil listamannsins í tali og tónum. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)

14.00 **Spilakassinn.** Getraunaleikur Rásar 2. Umsjón: Jón Gröndal. Dómari: Adolf Petersen.

16.05 **Maðurinn með hattinn.** Magnús Þór Jónsson stiklar á stóru í sögu Hanks Williams. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags að loknum fréttum kl. 2.00.)

17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri) (Úrvali útvarpað í Næturútvarpi á sunnudag kl. 7.00.)

19.00 **Kvöldfréttir.**

19.31 **Blítt og létt...** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög.

20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Hlynur Hallsson og norðlenskir unglingar.

21.30 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.

22.07 **Klippt og skorið.** Skúli Helgason tekur saman syrpu úr kvölddagskrá Rásar 2 liðna viku.

2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00. 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

1.00 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.

2.00 **Fréttir.**

2.05 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Endurtekinn frá þriðjudagskvöldi á Rás 1.)

3.00 **Blítt og létt...** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur.

4.00 **Fréttir.**

4.05 **Undir værðarvoð.** Ljúf lög undir morgun.

4.30 **Veðurfregnir.**

4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á Rás 1.)

5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.

5.01 **Harmoníkuþáttur.** Umsjón: Sigurður Alfonsson. (Endurtekinn þáttur frá miðvikudegi á Rás 1.)

6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.

6.01 **Suður um höfin.** Lög af suðrænum slóðum.

## FM 98,9 BYLGJAN

9.00 **Haraldur Gíslason á morgunvaktinni.** Halli er alveg með á nótunum og færir ykkur kaffi og rúnstykki í rúmið. Róleg og ljúf tónlist.

13.00 **Þorgrímur Þráinsson.** Sunnudagstónlist og létt spjall við hlustendur.

16.00 **Ágúst Héðinsson** með tónlistina þína og leiðbeinir hlustendum í helgarlokin.

19.00 **Snjólfur Teitsson í kvöldmatnum.**

20.00 **Pétur Steinn með þátt fyrir hugsandi fólk. Allt yfirnáttúrulegt kannað, spjall um allt milli himins og jarðar.**

24.00 **Freymóður T. Sigurðsson** leiðir Bylgjuhlustendur inn í nóttina með ljúfum tónum.

Fréttastofan er með fréttatíma um helgar kl. 10.00, 12.00, 14.00 og 16.00.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

10.00 **Kristófer Helgason.** Ljúf, ný og vönduð tónlist ræður ferðinni. Hann er með stjörnuspána á hreinu.

14.00 Darri Ólafsson. Tónlistin er ný, fersk og vönduð. Við spilum nýjustu tónlistina fyrstir.

18.00 **Arnar Kristinsson.** Hvað er í bíó?

22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.** Þorsteinn fylgist með nýbylgjutónlistinni og leikur hana í bland við vinsældapoppið. Ýmis fróðleikur um tónlist og tónlistarmenn sem kemur þér á óvart.

1.00 **Björn Sigurðsson.** Næturvakt á Stjörnunni. Síminn er opinn og Bússi tekur vel á móti þér.

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **MS.**

14.00 **IR.**

16.00 **MK.**

18.00 **FÁ.**

20.00 **FB.**

22.00 **Neðanjarðargöngin.**

1.00 **Dagskrárlok.**

## EFF EMM 95,7

8.00 **Árni Vilhjálmur.** Óskalög og eldra efni fram til klukkan eitt.

13.00 **Sveinn Snorri.** Léttur og líflegur.

16.00 **Klemenz Arnarsson.** Sunnudagstónlist eins og hún gerist best.

19.00 **Benedikt Elfar.** Með breiðan smekk þótt grannur sé.

22.00 **Sigurjón „Diddi".** Fylgir ykkur inn í nóttina.

1.00 **Lifandi næturvakt.**

## FM 90,9 AÐALSTÖÐIN

8.00 Sálaretetrið. Endurtekinn þáttur Önnu Inger Aikman.

10.00 **Margrét Hrafnsdóttir.** Lífinu tekið með ró og hlustað á ljúfa tóna.

13.00 **Inger Anna Aikman.** Skondnar sögur, innsend mismæli og hugleiðingar um lífið og tilveruna.

16.00 **Jón bítlavinur Ólafsson** fær gesti í heimsókn og leikur mikið af íslenskri tónlist.

18.00 **Íslensk tónlist.**

19.00 **Darri Ólason.** Þægileg tónlist í helgarlok.

22.00 **Íris Erlingsdóttir.** Léttklassísk tónlist í bland við fróðleik tengdan tónlistinni.

24.00 **Næturdagskrá Aðalstöðvarinnnar.**

## SKY One

6.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur

7.00 **Gríniðjan.** Barnaefni.

11.00 **50 vinsælustu.** Poppþáttur.

12.00 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.

13.00 **That's Incredible.** Fræðslumynd.

14.00 **Fjölbragðaglíma (Wrestling).**

15.00 **The Incredible Hulk.** Spennumyndaflokkur

16.00 **Emergency.** Framhaldsmyndaflokkur.

17.00 **Eight is Enough.** Framhaldsmyndaflokkur.

18.00 **Family Ties.** Gamanþáttur.

19.00 **21 Jump Street.** Spennumynda flokkur.

20.00 **Key To Rebecca, part 1.**

22.00 **Entertainment This Week.**

23.00 **Fréttir.**

23.30 **The Paper Chase.** Framhaldsmyndaþáttur.

00.30 **Poppþáttur.**

## SKY MOVIES

14.00 **The Sand Pebbles.**

17.00 **Do Me a Favor, Don't Vote for Mum.**

18.00 **The Colour of Money.**

20.00 **Pirates.**

22.00 **Mean Streets.**

24.00 **Movies Are My Life.**

02.15 **Raw Deal.**

04.00 **The Best of Times.**

## EUROSPORT

9.30 **Tennis.** Keppni nokkurra fyrrverandi meistara á Spáni.

10.00 **Trans World Sport.** Fréttatengdur íþróttaþáttur.

12.00 **Fótbolti.** Meginlandsknattspyrna eins og hún gerist best.

20.00 **Golf.** World Cup Golf. Liðakeppni á Las Brisas, Spáni.

15.00 **Rugby.** Írland–Nýja Sjáland.

16.00 **Tennis.** heimsmeistarakeppni unglinga í Paraguay.

17.00 **Íshokkí.** Evrópukeppni félagsliða í Júgóslavíu.

18.00 **Hestaíþróttir.** Keppni í Júgóslavíu.

19.00 **Golf.** World Cup Golf. Liðakeppni á Las Brisas, Spáni.

21.00 **Fótbolti.** Meginlandsknattspyrna eins og hún gerist best.

22.00 **Rugby.** Deildakeppni á Bretlandseyjum.

23.00 **Rall.** Heimsmeistarakeppnin í startholum.

23.30 **Tennis.** Keppni nokkurra fyrrverandi meistara á Spáni.

## SCREENSPORT

7.00 **Ameríski fótboltinn.** Highlights.

8.00 **Rall.** Lombard RAC Rally.

8.30 **Rugby.** Bradford–Wigan.

10.00 **Ameríski fótboltinn.** Leikur vikunnar.

12.00 **Fótbolti.** Real Madrid–Atletico Bilbao.

13.45 **Rall.**

14.15 **Kanadíski fótboltinn.**

16.15 **Fótbolti.** Leikur í argentísku deildinni.

18.00 **Íshokkí.** Leikur í bandarísku atvinnumannadeildinni.

20.00 **Ameríski fótboltinn.** Leikur háskólaliða. 22.00 **Rall.** Lombard RAC Rally.

22.30 **Hnefaleikar.**

24.00 **Hjólreiðar.** Sundance Grand Prix.

### Stöð 2 kl. 12.05:

## Grafísk fantasía

Grafísk fantasía (Fantastico) fjallar um hönnuðinn Hans Donner. Allir sem hafa hitt hann furða sig á hinu geysilega hugmyndaflugi sem þessi sjónvarpshönnuður býr yfir.

Donner, sem er þýsk-austurrískur, er yfirmaður á Rede Globo sem fjórða stærsta sjónvarpsfyrirtæki í veröldinni.

Sérsvið hans eru kynningar og auglýsingatækni og þykir hann standa þar fremstur í flokki. Þá er hann eftirsóttur í að gera byrjanir á þáttaröðum og hefur hann gert margar frægar byrjanir sem hafa líka kostað dágóðan skilding.

Hið mikla ímyndunarafl Donners í gerð grafíkur fyrir sjónvarp hefur gert hann frægan um allan heim. Eitt þekktasta verk hans er opnunin á geysivinsælum, þýskum skemmtiþætti, Fantastico. Opnunaratriðið er í 90 mínútur og kostaði 24 milljónir og það tók Donner og aðstoðarmenn hans 5000 vinnustundir að fullgera innganginn. Þessi inngangur verður sýndur í þættinum um Hans Donner og dregur þátturinn nafn sitt af skemmtiþættinum.

-HK

### Rás 1 kl. 16.20:

## Goð, garpar og valkyrjur

Í dag hefst flutningur á útvarpsgerð Vernharðs Linnets um garpa, goð og valkyrjur. Efnið er sótt í Völsungasögu og Snorra-Eddu og eru flytjendur fjölmargir. Fyrsti þátturinn segir frá sköpun heimsins og upphafi Völsungaættar, hvernig Sigmundur Völsungason fékk sverð Óðins og slapp úr vargaklóm. Þá er einnig sagt frá því er hann hefndi föður síns ásamt Sinfjötla er hann átti með systur sinni.

Með hlutverk í fyrsta þætti fara Þröstur Leó Gunnarsson, Þórdís Arnljótsdóttir, Atli Rafn Sigurðsson, Egill Ólafsson, Jón Júlíusson, Sigurður Skúlason, Aðalsteinn Bergdal, Erla Rut Harðardóttir, Helga Þ. Stephensen, Hreinn Valdimarsson, Kristín Helgadóttir, Leifur Hauksson, Markús Þór Andrésson og Þórir Steingrímsson.

Sögumaður er Vernharður Linnet og stjórnaði hann upptöku ásamt Vigfúsi Ingvasyni.

### Sjónvarp kl. 18.25:

## Ævintýraeyjan

Ævintýraeyjan (BLizzard Island) er nýr kanadískur framhaldsmyndaflokkur í tólf þáttum sem hefur göngu sína í dag.

Í byrjun kynnumst við systkinunum Tracey og Wayne. Þau lenda í miklum ævintýrum þegar þau finna hálsfesti eina sem hefur einstaka eiginleika. Eins og í ævintýri eru þau allt í einu stödd á eyju einni þar sem þau hefja leit að eiganda hálsfestarinnar.

Eyja þessi er sannkölluð ævintýraeyja þar sem vættir, galdrakerling og ófreskjur búa. Börnin lenda í miklum ævintýrum um leið og sjálfstraust og trú á lífið eflist hjá þeim.

Þótt þau haldi í fyrstu að hlutverk þeirra sé að leita uppi eiganda hálsfestarinnar þá komast þau seinna meir að því að tilgangurinn með veru þeirra á eyjunni er allt annar.

-HK

### Rás 2 kl. 14.00:

## Spilakassinn

| | 1 | 2 | 3 |
|---|---|---|---|
| 1 | | | |
| 2 | | | |
| 3 | | | |
| 4 | | | |
| 5 | | | |
| 6 | | | |
| 7 | | | |
| 8 | | | |
| 9 | | | |
| 10 | | | |

*Nafn:*

*Heimili:*

*Svör sendist til:* — Spilakassinn —
Ríkisútvarpið
Efstaleiti 1
108 Reykjavík